

Miðvikudaginn 1. febrúar 1989.

Nr. 16/1989. **Pétur Einarsson**

gegn

**Þórarni Jóni Magnússyni og
Magnúsi Guðmundssyni**

Kærumál. Frávísun að hluta frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttar-dómari.

Sóknaraðili hefur með kærú 19. desember 1988 skotið til Hæstaréttar frávísunardómi bæjarþings Reykjavíkur frá 8. s.m. Kæruheimild er í b-lið 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Málið barst Hæstarétti 16. janúar sl. Hefur Hæstarétti verið send greinargerð, dagsett 25. janúar. Af hálfu varnaraðila barst greinargerð 30. janúar.

Fyrir Hæstarétti gerir sóknaraðili þær kröfur að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið allt til efnismeðferðar. Þá gerir hann kröfu til kærumálskostnaðar.

Varnaraðili gerir þær dómkröfur að hinn kærði dómur verði staðfestur og sóknaraðila gert að greiða honum kærumálskostnað.

Með tilvísun til raka hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Sóknaraðili greiði varnaraðilum sameiginlega 15.000,00 krónur í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði dómur er staðfestur.

Sóknaraðili, Pétur Einarsson, greiði varnaraðilum, Þórarni Jóni Magnússyni og Magnúsi Guðmundssyni, sameiginlega 15.000,00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. desember 1988.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 15. nóvember sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Péttri Einarssyni, nnr. 7086-5912, Brúarenda v/Starhaga, Reykjavík, gegn Þórarni Jóni Magnússyni, nnr. 9416-6748, Smyrlahrauni 40, Hafnarfirði, og Magnúsi Guðmundssyni, nnr. 6257-8696 Sæbólsbraut 38, Kópavogi, með stefnu þingfestri 26. janúar 1988.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1) Að stefndu verði gert að sæta refsingu vegna brota á 234. gr., 235. gr., 236. gr. og 237. gr. alm. hgl.

2) Að eftirfarandi ummæli verði dæmd dauð og ómerk, hvort sem refsað verður fyrir þau eða ekki:

„en honum hefur hingað til tekist að sleppa við afplánun á refsingunni“.

„Margir eiga um sárt að binda, eftir að hafa glapist til að eiga viðskipti við eitthvert af fyrirtækjunum hans Péturs“, sagði lögmaðurinn.“

„Það versta er að hann er svo siðlaus að hann ásakar jafnvel fórnarlömb sín fyrir að eiga sök á allri vitleysunni og rekur þau síðan á dyr með hama-gangi.“

Krafist er að sú táknræna aðdróttun eða móðgun, sem í myndinni af stefnanda í US-dollaraseðlinum felst, verði ómerkt.

Krafist er að ómerkt verði sú heildarmynd sem nefnd tímaritsgrein (sic) dregur upp af stefnanda og felst í að lýsa honum sem siðleysingja, glæpamanni og manni sem vilar ekkert fyrir sér þegar peningar eru annars vegar, manni sem fær óeðlilega fyrirgreiðslu af ríki og bankakerfinu og notar slíkt gegn þjóðarbuinu í eiginhagsmunaskyni, siðlausum manni sem ekkert er heilagt þegar peningar eru annars vegar og þá sé honum nákvæmlega sama hvernig það bitnar á náunganum eða þjóðarbuinu.

3) Að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda kr. 10.000.000,00 eða aðra fjárhæð eftir mati dómsins í miskabætur vegna meiðandi ummæla og meiðandi framsetningar í grein, sem birtist um stefnanda í Vikunni 5.11. 1987, og sökum óhjákvæmilegs fjártjóns sem grein þessi hlýtur að hafa í för með sér fyrir stefnanda. Jafnframt er krafist dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga af þessari fjárhæð frá stefnubirtingardegi til greiðsludags.

4) Að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda kr. 100.000,00 eða aðra hæfilega fjárhæð að mati dómsins til að standa straum af kostnaði við birtingu dómsins, atriðisorða hans og forsendna, í opinberum blöðum og öðrum fjölmiðlum.

5) Að dómsorð og forsendur dómsins verði birt í Vikunni.

6) Að lokum er þess krafist að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda hæfilegan málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur stefndu eru þessar:

Aðallega:

Að stefndu verði alfarið sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og stefnanda verði gert að greiða hvorum stefnda fyrir sig hæfilegan málskostnað að mati réttarins.

Til vara:

Verði stefndu sakfelldir að einhverju leyti fyrir hin ætluðu brot er þess krafist, að refsing verði látin niður falla, sbr. 239. gr. alm. hgl., og stefndu verði sýknaðir af öllum öðrum kröfum stefnanda og stefndu dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Til þrautavara:

Að verði stefndu fundnir sekir að einhverju leyti þá verði þeim aðeins gerð vægasta sektarrefsing en þeir sýknaðir af öllum öðrum kröfum stefnanda og málskostnaður verði látinn falla niður.

Með úrskurði uppkveðnum í máli þessu hinn 10. nóvember sl. var hrundið kröfum stefnanda um það að aðalflutningur málsins færi fram fyrir luktum dyrum og að óheimilt væri að skýra opinberlega frá því sem þar færi fram.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

II.

— — —

III.

Upphaflega gerðu stefndu kröfu um það, að máli þessu yrði í heild eða að hluta vísað frá dómi. Var sú frávisunarkrafa m.a. á því byggð, að efnislýsingu brota og heimfærslu þeirra til refsíákvæða væri ábótavant. Af hálfu stefndu var fallið frá kröfu um frávisun málsins er stefnandi lagði fram sérstaka bókun til skýringar á kröfugerð sinni.

Samkvæmt 1. tl. kröfugerðar í stefnu gerir stefnandi kröfu til þess að stefndu verði gert að sæta refsingu fyrir brot á 234. gr., 245. gr., 236. gr. og 237. gr. alm. hgl. Er sú refsikrafa sett fram án beinnar skírskotunar til þeirrar háttsemi sem krafist er refsingar fyrir. Um þá refsikröfu er hins vegar fjallað sérstaklega í kaflanum „Málsástæður og lagarök“ undir stafliðunum A - G, en án þess þó að þar séu einstök ummæli afmörkuð innan tilvitnunarmerkja. Er umfjöllun stefnanda þar um að mestu með almennum hætti og án nægilegrar tilgreiningar í þá tímaritsgrein, sem málshöfðunin byggist á. Þá eru einstök tilvik ekki heimfærð sérstaklega til refsíákvæða og er ekki glögglega úr því bætt með framlagðri bókun stefnanda.

Samkvæmt 2. tl. kröfugerðar í stefnu er þess krafist að tilvitnuð ummæli verði dæmd dauð og ómerk, hvort sem refsað verður fyrir þau eða ekki,

en þó verður ekki séð að krafist sé refsingar vegna þeirra ummæla þannig tilgreindra.

Framangreindur málatilbúnaður stefnanda varðandi refsikröfu er óljós og óglöggur og framsetning öll með þeim hætti, að andstætt er ákvæðum í c- og d-lið 88. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði um glögga tilgreiningu dómkrafna og málsástæðna. Verður að telja refsikröfuna ódómhæfa af þessum sökum.

Þessir annmarkar refsikröfu leiða til þess, að ekki verður dæmt um miskabótakröfu samkvæmt 3. tl. kröfugerðar stefnanda og heldur ekki um kostnað af birtingu dóms samkvæmt 4. tl. kröfugerðar stefnanda, sbr. 1. mgr. 264. gr. og 2. mgr. 241. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

Með vísan til 88. gr. laga nr. 85/1936 ber því að vísa framangreindum kröfuliðum, nr. 1, 3 og 4, sjálfkrafa frá dómi.

Rétt þykir að málskostnaður bíði endanlegs dóms í málinu.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Framangreindum kröfuliðum, nr. 1, 3 og 4, er vísað sjálfkrafa frá dómi.

Málskostnaður bíður endanlegs dóms.
